



## GJALDSKRÁ

### Gámasvæði í Réttarvík og geymslusvæði við Hnitbjörg

#### 1. gr.

Gjaldskrá þessi og reglur eru fyrir skipulagt gámasvæði í Réttarvík og geymslusvæði við Hnitbjörg í Strandabyggð.

#### 2. gr.

Sótt skal um leigupláss á þar til gerðum eyðublöðum. Fram komi nafn, heimilisfang, símanúmer og kennitala umsækjanda. Tilgreina skal áætlaðan leigutíma og tegund geymslumuna. Umsóknarblað skal undirritað af umsækjanda. Umsóknum ber að skila á skrifstofu Strandabyggðar og afgreiddar í þeirri röð sem þær berast. Starfsmaður Áhaldahúss sér um úthlutun geymslusvæðis og skal leigutaki undirrita leigusamning um leið. Leigutaka er óheimilt að endurleigja úthlutuðu plássi til annarra.

#### 3. gr.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 3 mánuðir miðað við 1. dag hvers mánaðar. Leigugjald er innheimt í nóvember ár hvert og hlutfallslega miðað við leigutíma. Leigutími getur aldrei verið styttri en einn mánuður. Hafi hlutir ekki verið sóttir innan tveggja mánaða eftir að umsömdum leigutíma lýkur eða greiðslufall orðið, áskilur leigusali sér allan rétt til að selja viðkomandi hluti fyrir áföllnum kostnaði.

#### 4. gr.

Leiga á geymslusvæði við Hnitbjörg eru á hvern reit pr. ár	kr. 12.019
Leiga á gámasvæði pr. ár v. 20 ft. Gáms	kr. 10.730
Leiga á gámasvæði pr. ár v. 40 ft. Gáms	kr. 21.465

#### 5. gr.

Svæðið er ekki vaktað og hlutir á gáma- og geymslusvæði alfarið á ábyrgð eigenda. Ekki er aðgangur að vatni né rafmagni.

#### 6. gr.

Leigutaki ber einn ábyrgð á þeim munum sem hann geymir á svæðinu. Gámar á geymslusvæði skulu vera snyrtilegir og leigutaka skylt að ganga snyrtilega um svæðið. Hlutir sem geymdir eru á svæðinu mega ekki innihalda mengandi efni sem hætta er á að berist um svæðið og umhverfi þess. Leigutaki þarf að ganga þannig frá eigum sínum að ekki stafi slysa- eða fokhætta af þeim. Óheimilt er að geyma hluti ofan á eða til hliðar við gáma á gámasvæði og utan reita á geymslusvæði. Leigutaki skal gæta þess að valda ekki öðrum leigutökum ónæði eða óþægindum t.d með því að hefta aðgang.



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍNANDI RÓÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

**7. gr.**

Skrifstofa Strandabyggðar sér um innheimtu allra gjalda skv. gjaldskrá þessari. Séu gjöldin ekki greidd á eindaga reiknast dráttarvextir af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6. gr. um vexti og verðtryggingar nr. 38/2001.

**8. gr.**

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Strandabyggðar 12. desember 2023 og er bundin byggingarvísitölu grunni frá desember 2023 sem er 116,4 stig og uppreiknast árlega skv. henni. Reglur og leigufjárhæð getur breyst í samræmi við ákvörðun sveitarstjórnar.

Gjaldskráin gildir frá og með 1. janúar 2024

Þorgeir Pálsson, oddviti